



Reykjavík, 23. júní 2025
PON20060042

Borgarráð

Afgreiðslubréf: Tillaga um verkefnaval í stafrænni þjónustu

Á fundi stafræns ráðs þann 13. júní 2025 var lögð fram tillaga, dags. 26. maí 2025, um verkefnaval í stafrænni þjónustu, sbr. 5 lið fundargerðar stafræns ráðs s.d.

Tillagan var samþykkt.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins styðja heimildarbeiðnir verkefnaráðs þjónustu og nýsköpunarsviðs til þeirra tíu verkefna sem Stafrænt ráð fjallaði um í dag og samþykkti í fyrsta forgang. Um er að ræða verulegar fjárhæðir en verkefnin fela flest í sér sparnað á tíma og fjármunum borgarbúa. Verkefnin lúta að sameiningu kerfa, sjálfvirknivæðingu, greiðslulausnum, nýjum vefum og innleiðingu gagnaflæðis sem á að skila sér í aukinni yfirsýn, einfaldari þjónustuferlum og mælanlegum sparnaði. Samanlagður áætlaður tímasparnaður og fjárhagslegur ábati nemur tugum stöðugilda og getur skilað sér í sparnaði hundruðum milljóna króna yfir næstu ár. Við ítrekum þó að borgin fylgi eftir því sem sett er fram í ábatamötum. Það er grundvallaratriði að mælingar, árangursviðmið og raunávinningur komi fram með gagnsæjum hætti og verði hluti af reglubundinni eftirfylgni. Stafvæðing er ekki aðeins tækniverkefni í sjálfu sér, hún verður að standa undir væntingum um betri og hagkvæmari þjónustu við borgarbúa.

Tilkynnist það hér með.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Eva Pandora Baldursdóttir,
deildarstjóri stjórnsýslu og miðlunar



Reykjavík



Tillaga um verkefnaval í stafrænni þjónustu

Lagt er til að ferli við verkefnaval í stafrænni þjónustu verði sem hér segir, í kjölfar nýrrar samþykktar fyrir stafræns ráðs. Markmiðið er að tryggja að verkefni sem eru tilbúin til framkvæmdar sé forgangsraðað í samræmi við pólitískar áherslur og stefnumörkun hverju sinni. Stafrænt ráð forgangsraðar verkefnum í þrjá flokka eftir mikilvægi og í samræmi við áherslur ráðsins hverju sinni. Í forgangi 1 eru verkefni sem skulu hefjast svo fljótt sem unnt er, í forgangi 2 og 3 eru verkefni sem fara aftur í forgang og eru tekin til framkvæmdar þegar rými skapast, þ.e. ef ekkert verkefni í forgangi 1 bíður framkvæmdar.

Greinargerð:

Á fundi borgarstjórnar þann 1. apríl 2025 var samþykkt breyting á samþykktum stafræns ráðs, þar sem hlutverk ráðsins við forgangsstöðun og ákvörðun verkefna í stafrænni framþróun var skýrt. Tillagan sem hér liggur fyrir er liður í innleiðingu þess verklags. Verkefnaráð ber ábyrgð á að undirbúa verkefni þannig að þau séu tilbúin til mats og forgangsstöðunar. Þetta felur í sér að tryggt sé að verkefnið sé vel skilgreint, að fyrir liggi gögn um umfang, kostnað og framkvæmd, auk kynningar sem sýnir tilgang og væntanleg áhrif verkefnisins. Verkefnaráð metur verkefnin samkvæmt stefnumiðaðri forgangsstöðun. Þar eru verkefni skoruð út frá þáttum eins og notendagildi, áhrifum á rekstur, lögbundnum kröfum, tæknilegum þroska og áætluðum ávinningi. Að matsferli loknu fá verkefnin stig út frá fyrirfram ákveðnu vægi þátta og eru lögð fyrir stafrænt ráð ásamt drögum að heimildarbeiðni og glærukynningu. Kjörnir fulltrúar í stafrænu ráði greiða atkvæði um forgangsstöðun verkefna. Innan hvers forgangs raðast verkefnin í röð eftir heildarskor í matslíkani þar sem hærra skor gefur til kynna meira vægi. Verkefni sem raðast í fyrsta forgang eru lögð fram til afgreiðslu í borgarráði. Verkefni í öðrum eða þriðja forgang verða einnig lögð fyrir borgarráð þegar rými myndast til að hefja framkvæmd þeirra. Með þessu verklagi er tryggt að verkefnaval í stafrænni þjónustu sé áfram gegnsætt, faglegt, byggji á samræmdum forsendum og endurspegli pólitíska forgangsstöðun.